

Stjórnarfundur LH 2. september 2005

7. fundur

Stjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mættir voru stjórnarmennirnir; Jón Albert Sigurbjörnsson, Haraldur Þórarinsson, Guðný Ívarsdóttir, Sigurður Emil Ævarsson, Sigfús Helgason og Einar Ragnarsson og úr varastjórn Halldór Halldórsson og María Þórarinsdóttir. Aðrir boðuðu forföll.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu LH í Laugardal. Eftirfarandi var bókað.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar yfirfarinn og samþykkt án athugasemda..

2. Skógarhólar

Guðný Ívarsdóttir heldur áfram vinnu við málið og mun kynna okkar hugmyndir fyrir Þingvallanefnd.

3. Skráning reiðleiða

Verkið hefur gengið hægt en það sem unnist hefur er gott og matið er að þannig þurfi að vinna áfram, þ.e. að það sem skráð er sé nothæft til framtíðar.

4. HM 2005

Jón Albert fór yfir HM og lýsti óánægju sinni með umgjörð og aðstöðu fyrir áhorfendur sem alls ekki var mönnum sæmandi. Farið var yfir bréf frá liðstjóra íslenska landsliðsins vegna agamála sem varða Valdimar Bergstað. Stjórn samþykkir að áminna Valdimar með formlegum hætti. Formanni falið að kalla til sín Valdimar og forsvarsmenn hans sökum aldurs og lýsa yfir vonbrigðum stjórnar með framgöngu hans við skeiðsprett á HM. Samþykkt að óska eftir frekari skýringum á framkvæmd 100m skeiðs á mótinu. Sigurði Ævarssyni og Einari Ragnarssyni falið að fylgja málinu eftir.

5. Átak í hestamennsku og hrossarækt, niðurstaða nefndar

Farið yfir og rætt um tillögur starfshóps um átak í hrossarækt og hestamennsku. Fjármagn til skipta er u.þ.b. 25 milljónir á ári. Tveir verkefnahópar koma að málinu eftir nánari ákvörðun hverju sinni. Úthlutað verður til afmarkaðra verkefna sem geta tekið breytingum frá ári til árs.

Stjórn LH er óánægt með það að LH nýtur aldrei sammælis í þessum skilgreiningum í krafti stærðar sinnar. Frestað að skipa menn í verkefnahópa um sinn.

6. Formannafundur 22. október 2005

Senda þarf boðun um formannafund með minnst mánaðar fyrirvara, dagskrá skal kynnt eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundinn.

Megin efni fundarins verður kynning á skipulagsmálum og þeirri vinnu sem þegar hefur átt sér stað. Leggja þarf fram hugmynd stjórnar að framtíðarsýn og verður unnið áfram með Bjarna Jónssyni og tillögurnar fullkláraðar.

7. Mótaröð í hestaþróttum

Jón Albert kynnti hugmynd að mótaröð á vegum LH í samvinnu við hestamannafélögin. Einari og Sigurður Æ. Falið að koma með mótaðar tillögur á næsta stjórnarfund.

8. Dagur íslenska hestsins

Jón Albert mun fylgja málinu eftir og hafa samband við tengiliði og kynna á næsta fundi.

9. Menntamál

Haraldur fór yfir stöðu mála. Skólastjóri Fjölbrotarskóla Suðurlands hefur mikinn áhuga á málinu og mun fylgja því eftir með stuðningi Sigurbjörns Bárðarsonar og Sigurðar Sæmundssonar undir forystu Haraldar.

10. Uppskeruhátíð hestamanna

Samþykkt að bjóða stjórn FEIF á uppskeruhátíðina en stjórnarfundur FEIF verður á Íslandi 11. – 12. nóvember.

11. Önnur mál:

- a. Fréttabréf LH verður að koma út á haustdögum. Mikill aukakostnaður fellur til vegna dreifingar og nauðsynlegt að ná betra samstarfi við félögin varðandi póstlista. Á næsta vori á að vera búíð að breyta FELIX kerfi ÍSÍ þannið að hægt verði að prenta út límmiðalista beint úr kerfinu. Stjórnarmenn ræði við sín félög og þrýsti á um þessa póstlista fyrir blaðið í haust.
- b. Heimasíðu LH verður að lagfæra. Jón Albert ætlar að fara í málið.
- c. Öryggismál á reiðvegum. Lagt var fram bréf til samgönguráðherra og svarbréf. Halldór Halldórsson heldur áfram með málið.
- d. Úrskurður aganefndar um félagsaðild. Stjórn LH lýsir yfir ánægju sinni með afdráttarlausrar niðurstöðu. Senda keppnisnefnd úrskurðinn.
- e. Bréf til Bændasamtaka Íslands varðandi aðkomu LH að fagráði í hrossarækt. Fram kemur að stjórn BÍ telur að aðkomu LH að fagráði þurfi að tryggja. Þetta getur þó tekið nokkurn tíma.
- f. Bréf frá Ingibergi Árnasyni varðandi starf Fagnefndar. Málin eru í góðum farvegi en taka nokkuð lengri tíma en áætlað var.
- g. Landsmót hestamanna 2004. Farið yfir niðurstöður reikninga sem birtir voru á aðalfundi LM ehf. Miðað við veltu er afkoman óviðunandi. Jón Albert og formaður BÍ fóru í framhaldinu á fund landbúnaðarráðherra og skýrðu fyrir honum stöðu mála, m.a. með tilliti til löggæslukostnaðar og starfsmannakostnaðar. Haraldur mun halda áfram viðræðum við LM ehf. um starfsmannamál.
- h. Jón Albert skýrir frá fundi með Gustsmönnum vegna þeirrar aðstöðu sem félagið er í með hesthúsabyggð o.fl. Jón Albert skrifaði bréf til bæjarstjórnar Kópavogs. Fram kemur að ÍSÍ hefur komið að málinu.
- i. Fyrirhugaður er fundur í næstu viku með formönnum á Reykjarnessvæðinu og endurvinnslunefnd varðandi förgun á baggaplasti og hrossataði.
- j. Jón Albert og Einar Ragnarsson fara á aðalfund FEIF með samþykki stjórnar LH. Fundurinn verður haldinn í Gautaborg 16. – 19. september.

*Fleira ekki fært til bókar
Einar Ragnarsson, fundarritari*